



Atvinnuvegaráðuneytið

Norðurlandi eystra, 1. desember 2025

Efni: Umsögn um áformaskjöl vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Matvælastofnun, Fiskistofu o.fl., mál nr. S-229/2025 á Samráðsgátt stjórnvalda.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) hefur farið yfir framlögð áformaskjöl vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Matvælastofnun, Fiskistofu o.fl., mál nr. S-229/2025 á Samráðsgátt stjórnvalda og leggur eftirfarandi umsögn fram.

Í áformaskjalinu er vísað með almennum hætti til hugsanlegra tækifæra til hagræðingar og samræmingar verklags. Hins vegar skortir alfarið skýra greiningu og sýn á hvers vegna sé æskilegt að ráðast í þessa sameiningu nú og hvaða raunverulegi ávinningur muni leiða af sameiningunni fyrir þjónustuþega, atvinnulíf og stjórnsýslu.

Í ljósi þess að um er að ræða umfangsmikla sameiningu er brýnt að fyrir liggi ítarleg greining á því hvernig þjónusta muni batna, hvaða hagræðing er raunhæf og hvernig tryggt verður að ekki komi til brotthvarfs lykilstarfsfólks, þjónusturofs eða óljósrar ábyrgðarskiptingar við yfirfærslu verkefna. Reynslan af fyrri breytingum, m.a. flutningi Fiskistofu og aðrar sameiningar sem hafa átt sér stað á síðustu mánuðum, undirstrikar þörfina á faglegu áhættumati um mannauð og þjónustu áður en lengra er haldið. Hættan við að verkefni falli milli skips og bryggju er of mikil í þessu tilfelli.

Stjórn SSNE leggur jafnframt áherslu á að höfuðstöðvar og yfirstjórn nýrrar stofnunar verði áfram á Akureyri og að sú staða verði tryggð með skýru lagalegu ákvæði. Slík staðsetning er í samræmi við atvinnulíf, sérþekkingu og hlutverk svæðisins í bæði sjávarútvegi og landbúnaði og styður að auki við opinbera stefnu um dreifingu opinberra starfa. Þá vill stjórn SSNE leggja til að skoðað verði heldur að búa til tvær öflugar þjónustu- og eftirlitsstofnanir annars vegar fyrir fisk (sjávarútveg og fiskeldi) og hins vegar fyrir aðra matvælaframleiðslu. Með einni stórrí stofnun er hætt við að sérhæfing starfsfólks minnki og þar með mikilvægur stuðningur við atvinnugreinarnar.

Að lokum bendir stjórn SSNE á að fullnægjandi greining á byggðalegum áhrifum þessara breytinga liggur ekki fyrir. Í ljósi þess að breytingarnar snerta lykilatvinnugreinar á landsbyggðinni og opinbera þjónustu um land allt er brýnt að meta möguleg áhrif breytinganna á atvinnulíf, íbúa og sveitarfélög áður en frumvarp er lagt fram.

Stjórn SSNE áttar sig á mikilvægi markmiðs stjórnvalda um einfalda, skilvirka og gagnsæja stjórnvalda en telur að í þessu tilfelli sé of margt sem þurfi að skoða betur áður en farið verður af stað með breytingarnar.

Virðingarfyllst,

Albertína Fr. Elíasdóttir

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
Framkvæmdastjóri SSNE